

Zeitschrift: Beiträge zur nordischen Philologie
Herausgeber: Schweizerische Gesellschaft für Skandinavische Studien
Band: 59 (2017)

Artikel: Eigendasaga Melsteðs Eddu
Autor: Sigurðsson, Gísli
DOI: <https://doi.org/10.5169/seals-858087>

Nutzungsbedingungen

Die ETH-Bibliothek ist die Anbieterin der digitalisierten Zeitschriften auf E-Periodica. Sie besitzt keine Urheberrechte an den Zeitschriften und ist nicht verantwortlich für deren Inhalte. Die Rechte liegen in der Regel bei den Herausgebern beziehungsweise den externen Rechteinhabern. Das Veröffentlichen von Bildern in Print- und Online-Publikationen sowie auf Social Media-Kanälen oder Webseiten ist nur mit vorheriger Genehmigung der Rechteinhaber erlaubt. [Mehr erfahren](#)

Conditions d'utilisation

L'ETH Library est le fournisseur des revues numérisées. Elle ne détient aucun droit d'auteur sur les revues et n'est pas responsable de leur contenu. En règle générale, les droits sont détenus par les éditeurs ou les détenteurs de droits externes. La reproduction d'images dans des publications imprimées ou en ligne ainsi que sur des canaux de médias sociaux ou des sites web n'est autorisée qu'avec l'accord préalable des détenteurs des droits. [En savoir plus](#)

Terms of use

The ETH Library is the provider of the digitised journals. It does not own any copyrights to the journals and is not responsible for their content. The rights usually lie with the publishers or the external rights holders. Publishing images in print and online publications, as well as on social media channels or websites, is only permitted with the prior consent of the rights holders. [Find out more](#)

Download PDF: 04.04.2026

ETH-Bibliothek Zürich, E-Periodica, <https://www.e-periodica.ch>


Eigendasaga *Melsteðs Eddu*

GÍSLI SIGURÐSSON (REYKJAVÍK)

Konungsbók Eddukvæða frá um 1270 er elsta safn eddukvæða og frægust allra íslenskra bóka við hlið *Eddu Snorra Sturlusonar*. Kvæðin fjalla um heiðin goð og hetjur en þekking á kvæðunum liggur til grundvallar goða- og skáldskaparfræðinni í *Snorra Eddu*. Þessar tvær merkustu heimildir um forna norræna goðafræði og samgermanskar hetjusögur af Sigurði Fáfnisbana og Niflungum sameinast í handritinu SÁM 66 sem Jakob Sigurðsson (um 1727-1779) skrifaði á árunum 1765 og 1766. Nafn skrifarans er fólgið í rammvillingslettri sem Jónas Kristjánsson fyrrum forstöðumaður Árnastofnunar réð eftir að Haraldur Bessason, þá prófessor í Winnipeg, hafði látið senda handritið frá Kanada til rannsókna á Íslandi á áttunda áratug síðustu aldar. Auk textans teiknaði Jakob myndir sem spegla sýn samtíðarinnar á forna guði og umhverfi þeirra, ekki ósvipað öðrum handritum frá 17. og 18. öld með aski Yggdrasils og ófreskjunum Miðgarðsormi og Fenrisúlfi.

Auk eddutextanna eru í SÁM 66 kaflar um tímatalesfræði, gang himintungla og reikningslist, sem eru vísbending um að hin fornu tengsl goðafræðiþekkingar við himinhvolfið hafi verið lifandi þekking á ritunartíma handritsins. Þetta handrit er því bæði til vitnis um hvernig skáldskaparfræði miðalda hafði greiðan aðgang að umhugsun manna um ljóðlist á síðari öldum á Íslandi um leið og goðafræðin var grunnurinn að mörgu í orðfæri almennings um fyrirbæri á himninum, á borð við rosabaug um sólu og hjásólirnar sem oft sjást sitt hvoru megin við sólu en að líkindum einnig um vetrarbrautina, reikistjörnurnar og margt á himinfestingunni sem blasti við fólki á hverri heiðskírri vetrarnóttu áður en ljósmengun nútímans spillti útsýninu – eins og ég hef áður skrifað um.

Ég skrifaði grein um SÁM 66 í bókina *Handritin* sem fylgdi sýningu Árnastofnunar í Þjóðmenningarhúsinu á árunum 2002-2013. Þar sagði ég frá því að Jakob Sigurðsson hefði skrifað og myndskreytt fjölmörg handrit á sinni tíð, á milli þess sem hann fluttist með sívaxandi fjölskyldu á milli kota á Austurlandi. Á Landsbókasafni eru 14 safnnúmer um handrit hans, hið mesta uppá 339 blöð með 15 riddara-, ævintýra- og fornaldarsögum. Þá skrifaði hann sálmahandrit sem Handritastofnun, forveri Árnastofnunar, fékk að gjöf árið 1967. Af því tilefni birti Benedikt Gíslason frá Hofteigi grein um Jakob í *Jólablaði Þjóðviljans*. Jakob hóf búskap upp úr tvítugu með Ingveldi Sigurðardóttur árið 1749 og bjó þá í Jórvík í Breiðdal. Þau fóru eftir það á milli kota í Vopnafirði uns Jakob dó á Breiðumýri í Selárdal í Vopnafirði árið 1779, rétt liðlega fimmtugur faðir að minnsta kosti sjö barna. Skólaganga og veraldaraudur komu ekki við ævisögu Jakobs en hin andlegu gildi hafa verið þeim mun meiri eins og sjá má af þessari vísu sem ort var um hann látinn:



Mynd 1: Staka blaðið úr SÁM 66, Melsteðs Eddu, sem varð viðskila þegar handritið var bundið inn 1989, nú varðveitt með gömlu bandi handritsins (Ljós.: Kristín Bogadóttir)



Lothianerinn með velli (Ljósm., 1898) af Jóhanna Ólafsdóttir. Myndirnar þrjár eru úr Melsteðs Eddu sem hanga uppi í Fossgerði, veiðihúsinu við Selá. (Ljósm.: Jóhanna Ólafsdóttir)

Lothianerinn með velli (Ljósm., 1898) af Jóhanna Ólafsdóttir. Myndirnar þrjár eru úr Melsteðs Eddu sem hanga uppi í Fossgerði, veiðihúsinu við Selá. (Ljósm.: Jóhanna Ólafsdóttir)



Þvíttur og Þvítturinn (Ljósm., 1898) af Jóhanna Ólafsdóttir. Myndirnar þrjár eru úr Melsteðs Eddu sem hanga uppi í Fossgerði, veiðihúsinu við Selá. (Ljósm.: Jóhanna Ólafsdóttir)

Þvíttur og Þvítturinn (Ljósm., 1898) af Jóhanna Ólafsdóttir. Myndirnar þrjár eru úr Melsteðs Eddu sem hanga uppi í Fossgerði, veiðihúsinu við Selá. (Ljósm.: Jóhanna Ólafsdóttir)



Sálhöfði Óðinn er Guðinn (Ljósm., 1898) af Jóhanna Ólafsdóttir. Myndirnar þrjár eru úr Melsteðs Eddu sem hanga uppi í Fossgerði, veiðihúsinu við Selá. (Ljósm.: Jóhanna Ólafsdóttir)

Sálhöfði Óðinn er Guðinn (Ljósm., 1898) af Jóhanna Ólafsdóttir. Myndirnar þrjár eru úr Melsteðs Eddu sem hanga uppi í Fossgerði, veiðihúsinu við Selá. (Ljósm.: Jóhanna Ólafsdóttir)

Mynd 2: Myndirnar þrjár úr Melsteðs Eddu sem hanga uppi í Fossgerði, veiðihúsinu við Selá (Ljósm.: Jóhanna Ólafsdóttir)

Nú er Jakob fallinn frá,
frí við raunir harðar.
Skrifari bæði og skáld var sá,
skemmtun Vopnafjarðar.

Árið 1989 var edduhandrit Jakobs bundið fallega inn hér á landi og í greininni frá 2002 sagði ég frá því að á aftasta blaði í bókinni væri skráð nafn Magnúsar Guðmundssonar á Sandi í Aðaldal, föður ekkjunnar Elínar Sigríðar sem fór með handritið og sex börn sín frá Halldórsstöðum í Kinn til Kanada árið 1876 – en sjálfur var ég í sveit á sama bæ sumurin 1970-1975, auk þess sem ég var þar veturinn 1971-1972. Þáverandi ábúendur, systkinin Þórhallur og Sigríður, voru börn Guðrúnar Sigurðardóttur og Kristjáns Sigurðssonar, Sigurðssonar og Helgu Jónasdóttur sem fluttust frá Þoroddsstað að Halldórsstöðum sama ár og Elín Sigríður fór til Kanada. Kristján stýrði síðan Sparisjóði Kinnunga frá upphafi 1889 og var gjaldkeri við byggingu Laugaskóla undir ungmennafélagsáhrifum Jónasar frá Hriflu, föðurbróður Árnastofnunar-Jónasar.

Á þessu aftasta blaði stendur einnig að Gísli Gíslason í Skörðum eigi með réttu bókina *Eddu*. Gísli (1797-1859) var bóndi, skáld og bókbindari í Skörðum í Reykjahverfi og átti sjálfur 68 bindi bóka þegar hann dó. Hann bjó um tíma á Auðnum í Laxárdal, hjáleigu Þverár en Þverá tengir handritið óbeint við sjálfstæðisbaráttuna þar sem í gamla band bókarinnar var notað rifrildi úr bréfi Jóns Sigurðssonar forseta til Jóns Jóakimssonar á Þverá, föður Benedikts á Auðnum. Sonur Gísla var Arngrímur Gíslason málari (1829-1887), fyrsti íslenski málarinn í nútímaskilningi. Frásögn sem Kristján Eldjárn birti í ævisögu Arngríms af því að Arngrímur hafi ungur drengur legið yfir myndabók úr safni föður síns gefur tilefni til að ætla að Arngrímur hafi fyrst kynnst myndlist á þessari bók – sem væri þá skemmtilegt dæmi um alþýðlega samfellu aftan úr heiðinni forneskju til nútímalista á Íslandi.

Það er til marks um hlutverk bókarinnar í íslenskri alþýðumenningu á 19. öld að óskólagengin kona með sex börn, sem lagði á sig að ferðast á vit nýrra heimkynna í Vesturheimi, skuli hafa tekið edduhandrit með sér. Elín Sigríður nam land rétt hjá Gimli og það hefur verið ærinn starfi að koma fjölskyldunni yfir hafið. Bókin sem hún tók með sér hefur því skipt hana miklu máli. Bæ sinn nefndi hún Melstað og er *Melsted* ættarnafn afkomenda hennar. Af því dregur handritið nú nafn sitt og er oft kallað *Melsteðs Edda*. Eitt barna Elínar var Jóhannes Frímann Magnússon Melsted, fæddur á Gvendarstöðum í Kinn 1859. Jóhannes bjó seinna stórbúi að Garðar í Norður Dakota þar til hann fluttist að Wynyard í Saskatchewan árið 1910. Sonur hans var Leo Melsted, fæddur 1902, bóndi í Wynyard, faðir Kenneth Melsteds, sem fæddist 19. júní 1931 og varð seinna stórbóndi á ættaróðali sínu. Fjölskylda Arnar Arnar, ræðismanns Íslands í Minnesota í Bandaríkjunum, keypti handritið af Kenneth þessum Melsted og gaf það til Árnastofnunar við hátíðlega athöfn í Þjóðarbókhöllu 13. febrúar árið 2000 – en handritið hafði þá formlega verið í láni á stofnuninni frá því að það kom aftur heim til Íslands.

Nokkru eftir að ég skrifaði greinina um *Melsteðs Eddu* fyrir handritasýninguna 2002 komst ég að því að mér höfðu yfirsést ýmis snifsi sem höfðu verið lögð til

hliðar í sérstöku umslagi með gamla bandinu þegar bókin var bundin inn að nýju árið 1989, þar á meðal eitt heilt blað sem hefði með réttu átt að binda með í nýja bandinu. Af þessu blaði má ráða töluvert um líklegan feril bókarinnar úr Vopnafirði að Skörðum, Sandi og loks að Halldórsstöðum í Kinn til viðbótar við það sem þegar er komið fram. Eins og sjá má af meðfylgjandi mynd er ýmislegt krotað á þetta blað, reikningsdæmi, skriftaræfingar á borð við “þetta er nog”, “Edda Edda” og á hvolfi neðarlega stendur meira að segja “oluf a þetta”. Innan um alla óreiðuna má þó lesa að minnsta kosti þrjú heilleg nöfn sem hægt er að bera kennsl á:

Finnboge Sigursson a bokina
Sigurður Sigurðsson
Ísaak Thorsteinsson

Á manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands er nú auðvelt að leita eftir nöfnum með samræmdri stafsetningu. Eftir leit þar held ég að líklegast sé að þeir sem þarna hafa skráð nöfn sín séu þessir:

Samkvæmt manntalinu 1835 var Finnbogi Sigurðsson vinnumaður á Flautafelli í Þistilfirði, þá sagður 69 ára.

Samkvæmt sama manntali var Sigurður Sigurðsson bóndi í Ytri-Hlíð (svo í manntalinu) í Vesturdal í Vopnafirði. Hann var þá orðinn 64 ára. Ytri-Hlíð er skammt frá Breiðumýri þar sem Jakob Sigurðsson lést árið 1779.

Loks er Ísak Þorsteinsson talinn vinnumaður áðurnefnds Skarða-Gísla í Skörðum í manntölunum 1835 og 1840 (1835 er hann 58 ára). Þar er tvíbýli og tvær konur bera nafnið Ólöf: Ólöf Illugadóttir, kona húsbóndans Hallgríms Hallgrímssonar (liðlega tuttugu árum yngri en Ísak), og Ólöf Gabrielsdóttir, vinnukona á táningsaldri. Ef til vill er önnur þeirra sú Ólöf sem er sögð eiga “þetta” á blaðinu.

Samkvæmt þessu er hægt að sjá fyrir sér að edda Jakobs hafi fyrst borist til nágranna hans í Ytri-Hlíð, Sigurðar Sigurðssonar, og síðan farið norður í Þistilfjörð áður en hún fór vestur yfir Öxarfjarðarheiði og í hendur bókasafnarans nafna míns Gíslasonar í Skörðum í Reykjahverfi – þar sem Ófeigur bjó í *Ljósvetninga sögu*.

Þess má að lokum geta að Jakobs Sigurðssonar og *Melsteðs Eddu* var minnst sérstaklega við vígslu Fossgerðis, nýs veiðihúss í Selárdal skammt frá Breiðumýri, hinn 23. júní árið 2012. Þá lét Orri Vigfússon hengja þar upp þrjár stækkaðar myndir úr bókinni, sem þóttu minna á líf veiðimanna í þessu glæsilega veiðihúsi: Loki og netið sem æsirnir lögðu fyrir hann þegar hann hafði brugðið sér í laxalíki, Þór að draga Miðgarðsorm úr djúpinu og loks Valhöll þar sem einherjar sitja að drykkju Heiðrúnardropa. Sennilega hefur Jakob ekki séð það fyrir sér í fátæktarbasli sínu á 18. öld að áin við túnfótinn heima hjá honum ætti eftir að verða ein eftirsóttasta og besta laxveiðiá við Norður Atlantshaf í upphafi 21. aldar.

Heimildir

Handrit

SÁM 66 (*Melsteðs Edda*).

Aðrar heimildir

Benedikt Gíslason frá Hofteigi. 1967. “Jakob söguskrifari”, *Jólablað Þjóðviljans*, 24. desember, bls. 40-45. Sótt 29. júní 2016 á timarit.is.

Gísli Sigurðsson. 2002. “Melsteðs Edda: Síðasta handritið heim?”, í *Handritin. Ritgerðir um íslensk miðaldahandrit, sögu þeirra og áhrif*, ritstj. Gísli Sigurðsson og Vésteinn Ólason (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi), bls. 179-185.

Gísli Sigurðsson. 2014. “Snorri’s Edda: The Sky described in Mythological Terms”, í *Nordic Mythologies: Interpretations, Intersections and Institutions*, ritstj. Timothy R. Tangherlini (Berkeley/Los Angeles: North Pinehurst Press), bls. 184-198.

Kristján Eldjárn. 1983. *Arngrímur málari* (Reykjavík: Iðunn).

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands á manntal.is. Sótt 28. júní 2016.